

15	30. Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga	kr. 36 417 506.00	kr. 124 862 640.40
10. febr.	Greiðslujöfnuður	— 2 360 440.00	—
	Mismunur út- og innborgana	—	20 412 350.08
		Kr. 300 843 919.00	Kr. 410 387 965.71

Gjört í Reykjavík, 10. febrúar 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

16

L Ö G

10. febr.

um breyting á lögum nr. 105/1951, um breyting á lögum nr. 117/1950, um breyting á lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á lögum nr. 9/1951, svo og lögum nr. 70/1952.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 1. málsg. 1. gr. laga nr. 105/1951 komi:

Aftan við 1. gr. laganna bætist:

Á tímabilinu 20. des. 1952 til 28. febr. 1953 skal greiða verðlagsuppbót á kaup opinberra starfsmanna þannig, að á grunnlaun, sem eigi eru hærri en 1830 kr. á mánuði greiðist uppbót samkvæmt vísitölu 158 stig. Á grunnlaun, sem hærri eru en 1830 kr. á mánuði, skal miða uppbótina við vísitölu 153 stig. Kaup, sem reiknað er samkvæmt 2. málslíð þessarar málsgreinar, skal þó aldrei vera lægra en hæsta kaup samkvæmt 1. málslíð.

Verðlagsuppbót skal greiða samkvæmt næstu málsgrein hér á undan á grunnlaun eða hluta af grunnlaunum, sem eigi eru hærri en 2200 kr. á mánuði. Á þann hluta launa, sem umfram er 2200 kr. á mánuði, skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu 123 stig.

Hinn 1. marz, 1. júní, 1. sept. og 1. des. 1953 skal verðlagsuppbót breytast þannig, að á grunnlaun, sem eigi eru hærri en 1830 kr. á mánuði, skal greiða uppbót samkvæmt kaupgjaldsvísitölu, reiknaðri eftir framfærsluvísitölu næsta mánaðar á undan, að viðbættum 10 stigum, en á grunnlaun, sem hærri eru en 1830 kr. á mánuði, skal miða uppbótina við kaupgjaldsvísitölu, reiknaða eftir framfærsluvísitölu næsta mánaðar á undan, að viðbættum 5 stigum. Að öðru leyti gilda um ákvörðun verðlagsuppbótarinnar ákvæði næstu tveggja málsgreina hér á undan.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felld 1. gr. laga nr. 70/1952.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. febrúar 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.